

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2017

Efni: Vegna breytinga á sagnæmisskilyrðum í 172. grein tollalaga, nr. 88/2005


Félag atvinnurekenda vekur athygli efnahags- og viðskiptanefndar á breytingu þeirri er gerð var á 172. grein tollalaga með 13. grein laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld, nr. 59/2017, sbr. 385. mál á 146. löggjafarþingi. Þar var sú breyting gerð að refsa megi innflytjendum vöru fyrir ranga upplýsingagjöf af einföldu gáleysi – þ.e. fyrir mistök – í stað stórfellds gáleysis, eins og lögín kváðu áður á um.

FA vísar til umsagnar sinnar til nefndarinnar um umrætt frumvarp, dags. 11. apríl 2017, þar sem breytingu þessari var harðlega mótmælt. Félagið harmar að ekkert hafi verið gert með þá umsögn annað en að bera hana undir ráðuneytið sem samdi frumvarpið. Félagið var ekki einu sinni boðað til fundar til að fá fram frekari sjónarmið hagsmunasamtaka innflutningsfyrirtækja um málið. Ekki verður séð að málið hafi fengið þá umræðu og skoðun hjá nefndinni sem svo mikil breyting augljóslega verðskuldaði.

FA ítrekar þá afstöðu sína að lagabreyting þessi sé ótæk með öllu og vegi freklega að hagsmunum og réttaröryggi fyrirtækja í innflutningi og starfsmanna þeirra.

Félagið tekur undir áskoranir annarra hagsmunasamtaka og fyrirtækja, sem að undanförunu hafa skorað á nefndina að taka mál þetta sérstaklega til skoðunar, með það að markmiði að breyta sagnæmisskilyrðum í 172. grein tollalaganna til fyrra horfs. Félagið er reiðubúið að koma til fundar við nefndina til að skýra nánar þau sjónarmið sem reifuð eru í bréfi þessu og í umsögn félagsins um þingmálið.

Viðfangarfullst,


Ólafur Stephensen
frámkvæmdastjóri FA